

FUNDARGERÐ

verkheiti: **Lækjargata 2**

tilvísun: 17114/F/F1/DSK

fundur: Skýringarfundur

dags.: 15. ágúst 2017

Staður og tími:	Norðurhelli 2, þriðjudag 15.ágúst 2017, kl. 9.00		
Fundarmenn:	Guðrún Guðmundsdóttir	GG	Hafnarfjarðarbær
	Þormóður Sveinsson	ÞS	Hafnarfjarðarbær
	Gunnar Gunnarsson	GG	GG Verk
	Helgi Gunnarsson	HG	GG Verk
	Guðni Valberg	GV	Trípólí
	Kristján Eggertsson	KE	Krads
	Stefán B. Veturliðason	SBV	VSB

liður efni

ábyrgð

1. **Tillagan**

Í framhaldi af samkeppni var tillaga nr. B17191 Dvergshamar, frá GG verks, Krads, Trípólís og Landmótun metin með hæstu einkunn m.t.t. gæða og einnig að teknu tilliti til tilboðsverðsins 192 mkr., var tillagan með hæsta mat. Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 11. júlí s.l. var eftirfarandi samþykkt:

„Lögð fram niðurstaða í samkeppni um skipulag og uppbyggingu á Lækjargötu 2 (Dverglóðinni). Skipulags- og byggingarráð samþykkir tillögu matsnefndar um uppbyggingu á Dvergsreitnum og leggur til að gengið verði til samninga við tilboðsgjafa GG verk ehf., með þeim fyrirvara að raðhúsallengja (fjögur hús) bak við Gúttó falli út úr skipulaginu.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir með bókun matsnefndar þar sem segir m.a.:

„Alls bærust fjórar tillögur sem voru ólíkar þótt þær bæru margar með sér líkan keim. Sameiginlegt eiga þær allar að byggja á baklóð við Gúttó. Var það einróma álit matsnefndarinnar að á þeim stað væri verið að taka besta stað lóðarinnar til útivistar og tengslin milli þess nýja og hinnar eldri byggðar með útisvæðinu sem teygir sig inn á milli húsanna yrði rofin.“

Jafnframt verði skoðað í deiliskipulagsvinnunni með aðgang að bílastæðum fyrir húsin neðst í Brekkugötu.“

2. **Lóð bak við Gúttó**

Í samræmi við samþykkt skipulags- og framkvæmdaráðs hér að ofan var rætt um ýmsar lausnir varðandi það. Höfundar munu nú vinna að breytingu að tillögunni þannig að hún komi til móts við fyrirvara verkkaupa.

ÞS óskaði eftir að höfundar skoði það að lóð Gúttós ásamt baklóð verði teknar með í deiliskipulagsvinnuna og að höfundar leggi fram 2-3 tillögur sem sýni mögulegar lausnir.

Stefnt að því að tillagan verði lög fyrir skipulags- og byggingarráð þriðjudaginn 5. september nk.

3. **Samningur**

Samkvæmt grein 1.4 í samkeppnisgögnum segir; „Þegar Hafnarfjarðarbær hefur metið tilboð bjóðenda með tilliti til gæða og verðs og tilkynnt bjóðendum niðurstöðu útboðsins með formlegum hætti, þá mun hann að liðnum tilskyldum fresti tilkynna þeim bjóðanda sem á hagstæðasta tilboð, að hans tilboði sé tekið og telst þá kominn á samningur um verkið sbr. grein 3.1.2 í ÍST 30:2012. Gerður verður skriflegur samningur um verkefnið og skal þá gengið frá greiðslu tilboðsupphæðar.“

Þegar uppfærð samkeppnistillaga hefur verið samþykkt af verkkaupa verður gengið frá samningi, þar sem gengið verður þeim atriðum sem breyst hafa, ákveðin samningsupphæð og greiðslur.

4. **Næsti fundur**

Næstu fundur þessa hóps verður miðvikudaginn 29. ágúst nk. kl. 9.00 að Norðurhellu.

Fundarritari: SBV

Dreifing:

Guðrún Guðmundsdóttir  
Þormóður Sveinsson  
Gunnar Gunnarsson  
Helgi Gunnarsson  
Guðni Valberg  
Kristján Eggertsson

[gudrungud@hafnarfjordur.is](mailto:gudrungud@hafnarfjordur.is)  
[thormodurs@hafnarfjordur.is](mailto:thormodurs@hafnarfjordur.is)  
[gg@ggverk.is](mailto:gg@ggverk.is)  
[hq@ggverk.is](mailto:hq@ggverk.is)  
[gudni@triopoli.is](mailto:gudni@triopoli.is)  
[krissi@krads.info](mailto:krissi@krads.info)